



Fundargerð

17. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
11. mars 2021, kl. 15:00

Viðstaddir:

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Kristín Gyða Njálisdóttir, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Sykursýkismóttaka (2021030194)

Lýðheilsuráð óskar eftir kynningu á hreyfiverkefni sykursýkismóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og tekur vel í mögulegt samstarf.

2. Heilsu- og göngustígar (2020021338)

Á fundinn mættu Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfissviðs og kynntu heilsustíga og fyrirhugaðar framkvæmdir.

3. Lýðheilsustefna (2019100079)

- A. Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur fór yfir aðgerðaáætlun lýðheilsustefnunnar 2021.
- B. Kynningarmyndband sýnt um lýðheilsustefnu Reykjaneshæjar. Myndbandið verður birt á næstunni.

4. Barna- og ungmennahátíð (2021030197)

Lýðheilsuráð leggur til að heilsa og vellíðan verði þema barna- og ungmennahátíðar sveitarfélagsins árið 2021.



5. Þjónustu- og gæðastefna – Beiðni um umsögn (2021020193)

Drög að þjónustu- og gæðastefnu Reykjanesbæjar lögð fram. Bæjarráð óskar eftir umsögn um stefnuna.

Lýðheilsuráð fagnar þjónustu- og gæðastefnu Reykjanesbæjar.

Samþykkt var að bæta eftirfarandi máli á dagskrá:

6. Málefni aldraða (2021030252)

Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg kom og kynnti lýðheilsu í Reykjavík, sérstaklega málefni aldraðra.

Lýðheilsuráð þakkar Helgu Margréti fyrir góða kynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55.